

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1999

12. janúar 1999

25

Nr. 9

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 698/1998, um ráðstöfun
iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðast svo:

Samningur um lífeyrissparnað sem gerður er við viðskiptabanka eða sparisjóð skal kveða á um innlegg á bundinn innlánsreikning eða vera í samræmi við 3. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 12. janúar 1999.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Tómas N. Möller.

12. janúar 1999

Nr. 10

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 566/1998 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
0704.9003	Kínakál	14.01.-15.03.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1999.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Hjördís Halldórsdóttir.